

Flutningur á sjálfsánum plöntum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemendur kynnist því hvernig hægt er að flytja plöntur sem hafa sáð sér of þétt og á ranga staði og hægt er að nýta betur annars staðar.

Þjálfar leikni nemenda á vettvangi og eflir hæfni í verklegu námi.

Námssgreinar: Sambætting, náttúrufræði og lífsleikni.

Aldur: Miðstig og elsta stig.



VERKLÝSING

Verkefnið gerir ráð fyrir því að nemendur leiti að sjálfsánum trjáplöntum í nágrenni skólans eða í grenndarskógi, velti fyrir sér hvaðan fræið hafi komið og hvers vegna fræið spírar þarna. Skoða myndir af trjáplöntum sem hugsanlega kynnu að finnast á svæðinu. Verkfærum og búnaði skipt niður á nemendur og þeir gerðir ábyrgir fyrir einstökum þáttum.

Hægt er að merkja fyrir fram þau tré sem stinga á upp með því að hnýta á þau borða eða band.

Ekki skal endilega leita að stærstu plöntunum því þeim er að jafnaði erfiðara að ná upp án þess að skemma rótarkerfið. Nauðsynlegt er að grafa fyrst holu fyrir plöntuna og setja í hana húsdýraáburð og finna síðan plöntu til að setja í hana. Mikilvægt er að platan sé stungin upp með hnaus en ekki slitin upp þannig að ræturnar verði berar.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Gott er að hafa unnið verkefnið *Sjálfsána plöntur* áður en hafist er handa.

Kynna nemendum verkefnið og gera þeim grein fyrir framkvæmdinni. Gera grein fyrir verkaskiptingu og vinnutilhögun á vettvangi.

Ræða má spurninguna: „Hvers vegna vaxa trén þar sem þau eru?“ og leita eftir hugmyndum þeirra um hvar sé best að koma þeim fyrir þegar þau hafa verið stungin upp.

Stunguskófla, greinaklippur, strigi, fötur, snæri, merkiband, vatn, húsdýraáburður.